

Bekkir þú á Piano?

Þú þarft ekki að þekkja á verðlag á Pianoum til þess að sannfæraast um að verðið er lágt á hinum mismunandi Pianoum vorum.

Viðskiftamenn eru aldrei látnir borga okkurverð í verzlun McLean's. Þessi velþekta verzlun er best kynnt í síðastlið. 30 ár fyrir að selja á besta verði hér í borginni.

Piano frá
\$235 til \$1500



J. W. KELLY, J. R. EEDMOND, W. J. ROSS. Einka eigendur. Winnipeg stærsta hljóðfærabúð. Hórn: Portage Ave. Hargrave St.

Úr bænum.

Fimmtudaginn 16. apríl voru þau Oscar Paulson og Carrie Svahnvilt Olson, bæði frá Winnipeg, gefin saman í hjónaband af síra Ránólf Marteinssyni, að 493 Láp-ton St.

Hér í bænum voru stóð fyrri hluta þessarar viku Mr. og Mrs. A. B. Olson, frá Gimli. Ekki söðu þau að veikindi væru þar mikil. Fólk lét alt höfusetjast, en tveir sagðir liggja í bólunni. Veikin mið-væg.

Skóla lúterska, kyrkjufélagsins verður í þetta sinn sagt upp með hátíðahaldi í Skjaldborg á Burnellstræti, þar sem skólin hefur staðið í vetur, á föstudaginn í þessari viku. Samkoman kl. 8 að kveldinu og er slendingum í Winnipeg boðið að vera þar viðstaddir, og að sjálfsgöngu eru allir velkomnir. — Síra Friðrik Friðriksson, frá Reykjavík verður aðal ræðumaður, þess utan verður þar sögur sögur, og einnig fleiri ræður fluttar.

Mikið var um samkomur hér á sumardagskvöldið fyrsta. Er þaði fyrsta skifti, að samkomur hafa verið haldnar til þess að minnast þessarar hátíðar í öllum — fjórum — íslensku kyrkjum hér í bæ.

Söngnum á samkomunni í Úntararkyrkjunni stýrði Brynjólfur orgauleikari Þorláksson, og forst það mæta vel. Var flokkurinn prýðilega aður, og óskað var söngurinn eins góður og best hefur verið hér í bæ. Næ var aðgættandi, að ekki hefði hann nema fremur stuttan tíma til aðfanga, svo með lengri fyrirvara er alt útlit fyrir, að honum yrði ekki eritt að aða errið lög og láta leysa þau vel af hendi.

Íslensku kyrkjurnar allar hafa nú byrjað á barna-uppfærslu í söng, og fengið Mr. Þorláksson til að hafa kensluna á hendi. Er hann nú farinn að hafa mikið að gjöra, enda að mækleikum, því þekkingu hefur hann og aðfingu í söngkenslu flestum Íslendingum fremur.

Barnastúkan býður öllum vinum sínum og aðstandendum á skemtisamkomu, sem haldin verður um þann 7. maí næstkomandi. Mrs. Guðrún Bjásson, gæðukona Ungtemplara hér í fylkinu, stendur fyrir samkomu þessari fyrir stúkum hönd. Etti íslenskur almenningur hér í bænum að votta starfssemi og viðleitni Mrs. Bjásson mæðga viðurkenningu með því, að sækja þessa samkomu vel. Öll ómök og errið, sem Mrs. Bjásson hefur fyrir þessum félagsskap, leysir hún af hendi endurgjaldsleust. Væri það því ekki ólaunað, þótt eldra fólk með nærveru sinni hjálpaði til, að samkoman tæktist sem best, svo öll sú fyrirhöfn yrði ekki til einskis. Auglýsing í næsta blaði.

Vér viljum þeina athygli lesenda vörð að auglýsingu hr. A. P. Cederquist á öðrum staði í blaði. Hr. Cederquist hefur margra ára æfingu í starfi sínu, og er álitinn með bestu klefiskerum þessa bæjar. Hann óskar eftir auknum viðskiftum Íslendinga.

Næsta sunnudagskvöld, verður umræðuféni í Úntararkyrkjunni. Að hverju geta allir Vestur-Íslendingar unnið í sameiningu? — Allir velkomnir.

B. LAPIN

HLUSTIÐ KONUR

Nú erum vjer að selja vorkleðnað afar ódýrt. Niðarsett verð á öllu.

Eg æl ykkur í alla staði þann besta alkleðnað íslanlegan, fyrir

\$35.00 til \$37.50

Besta nýtziku kvenfata stofa

Tel. Garry 1982

392 Notre Dame Ave.

Fimm Prósent afsláttur

Allar matvörutegundir sem þú þarfnist þar á meðal ágætis kaffi sem svo margir þekkja nú, og dæðst að fyrir mekk og gæði fíat í matvöru búið B. Arnasonar, á horni

Victor St. og Sargent Ave.

Svo er aðgæsluvert að Arnason gefur 5% afslátt af doll. fyrir cash verzlun.

Phone Sher. 1120

B. ARNASON

Thorlacius & Hanson

Skreyta hús og mála

Phone M. 4984 39 Martha St.

Á þriðjudagsmorguninn andaðitt hér á almenna spítalanum höndum Þorsteinn Eyjólfsson, frá Lundar, Man. Þorsteinn var maður rúmt fimtugur. Hann var sonur Eyjólf Kristjánssonar og konu hans Lúkkú Gísladóttur, er lengi bjuggu á Breiðaváði í Eyðabpinghá í Suður-Múlasýslu. Fluttust þau til Dakota byggðar ánumma á árum, bjuggu þar lengi rausnarbúi, en eru nú bæði dái. Þorsteinn kom hingað til bæjar fyrra miðvikuðag, og fimtugdaginn var gekk hann undir uppskúrd við sullaveiki. Hann létur eftir sig konu og nokkur börn, sem flest eru uppkomin. Hann var skyldurækin og góður heimilisfaðir og drengskaparmaður um flest.

Jón Ólafsson og Þorvaldur Skúlason Thoroddsen komu hingað til bæjar þann 22. þ. m. norðan frá Nýja Íslandi. Hafa þeir tekið sér heimilisréttarlönd þar norður frá, í Viðir bygginni. Voru þeir að fara vestur til Altamont hér í fylkinu og dvelja þeir þar fram eftir sumri.

Fiólin recital

by the pupils of

Mr. TH. JOHNSTON

assisted by

PROF. W. H. SHINN'S

Choral Class

Miss Sigríður Thorgeirsson and Mr. Herman Pouwels accompanists

I.O.G.T. HALL

Cor. Sargent Ave. and McGee St.

Thursday Eve., April 30

at 8.30 o'clock

Admission 25 cents

PROGRAMME:

1. Concerto—B. Minor Rieding Ensemble
2. Allegro Brilliant Ten Have Mr. Frank Fredrickson
3. Lullaby Bloch Miss Emma Richter
4. Song—"Sing, Sing, Birds on the Wing" Nutting Miss Martha Shunk
5. Faust—Fantasie Singelee Miss Violet Johnston
6. Scene De Ballet De Beriot Mr. William Einarson
7. Part Song—"The Song of the Flax-spinner" Leslie Choral Class
8. (a) Andante Gluck (b) Gavotte Martini Ensemble
9. Petit Symphony Moret Messrs. Wm. Einarson and Gunnar Oddson
10. Song—"The Waking of Spring" Teresa Del Rego Miss Doris Lloyd
11. Hejre Kati Hubay Mr. Gunnlaugur Oddson
12. Part Song—"Moonlight" Eaton Fanning Prof. W. H. Shinn's Pupils' Choral Class

ACCOMPANISTS: Miss Sigríður Thorgeirsson and Mr. Herman Pouwels

Fréttir af Íslendingadags-nefndar fundi

Íslendingadagsnefndin sem kosin var síðastliðin vetur til þess að standa fyrir hátíðahaldi á Íslendingadeginum í sumar hefur haldið nokkra fundi.

Fyrsti fundurinn var haldinn 4. marz s.l. á skrifstofu H. M. Hannessonar, lögmanns. Á fundi þessum voru kosnir embættismenn nefndarinnar, og verukom skift meðal nefndarmanna.

Þessir hlutu kosningu:

Thomas H. Johnson, M. P. P. forseti H. M. Hannesson, varaforseti; Arni Anderson, gjaldkeri; Ólafur S. Thorgeirsson, skrifari.

Var þá verkaskiptum þannig hag að skipaðar voru flimh auknefndir, innan aðal nefndarinnar, og var hverri um sig fengið ákveðið verk.

Var aukanefndum skipað á þessa leið:

PROGRAMMES NEFND

Thos. H. Johnson, J. B. Skaptason, H. Marino Hannesson, Ólafur S. Thorgeirsson, og ritstjórar blaðanna Hkr. og Lögberg, er samþykkt var að beta viðaðal nefndina.

"SPORTS" NEFND

Arni Anderson, H. B. Skaptason, H. G. Hinriksson, John Davidson,

Alfred Albert, Leifur Oddson, John Baldwin.

GARÐSNEFND

J. B. Skaptason, Thomas H. Johnson, H. M. Hannesson, Skuli Hansson, Ólafur S. Thorgeirsson.

AUGLÝSINGANEFND

Arni Anderson, John Baldwin, Skuli Hansson, Alfred Albert, John Davidson, og ritstjórar blaðanna.

Á fundi þessum var samþykkt að vandað skyldi til hátíðahaldsins sem allra best.

Þá var brotið máls á því að á-nægjulegast af öllu ef þess væri kostur, væri að fá einhverja af málsmetandi mönnum þjóðar vorar að heiman, til að koma hingað vestur, sem gest Íslendinga hér, og stjla með þeim hátíðina. Hallaðist hugur allra að núverandi ráðherra. Varð það að samþykkt, að forseta og skrifara nefndarinnar var fallið að skrifa ráðherra Hannesi Hafstein, og fyrir hönd Íslendinga hér vestrar þjóða honum hingað vestur sem heildursgesti þjóðar vorrar hér, og láta þess jafnframt getið að nefndin óskaði eftir að mega bera allan kostnað af ferð hans, heiman að og heim. Var þá fundi þeim slitið.

Nokkrum dögum seinna var svo eftirfylgjandi bréf samlið af forseta og skrifara og sent ráðherra:

Winnipeg, 10. mars, 1914.

Hannes Hafstein, ráðherra Íslands: Háttvirtu herra!

Nefndin, er stendur fyrir Íslendingadags-hátíðahaldinu hér í Winnipeg, hefur falið okkur, sem hér ritum undir, að bjóða yður upp á, að takast ferð vestur um haf á komandi sumri og vera gestur okkar Vestur-Íslendinga á þjóðhátíð vorri hér í Winnipeg 2. ágúst næstkomandi. Vér lofum að bera allan kostnað, sem af ferð yðar leiðir hingað vestur og heim aftur til Íslands og heitum yður því að ekkert verði látið ógjört af okkar hálfu til þess að fórin verði yður til ánaegu.

Það er álit okkar, sem um þetta höfum rétt, að með komu yðar hingað vestur mun "brúin yfir hafíð" milli þjóðarbrottanna styrkjast að stórum mun og hafa heillavænleg áhrif fyrir komandi tíma.

Gerið svo vel og símið svar.

Virgryfyllst,

THOS. H. JOHNSON, Forseti
Ó S. THORGEIRSSON, Ritari

Þann 8. apríl kom eftirfylgjandi símskeyti frá ráðherra, sent forseta nefndarinnar.

"Alúðarfylstu þakkið fyrir boðið, en ómögulegt"
"að komast vegna alþingis í júlí og ágúst. Beztu"
"kveðjur. Hafsteinn."

Ög nú þann 28. þ. m. svohljóðandi bréf

Reykjavík, 10. apríl, 1914

THOS. H. JOHNSON, ESQ.

Forseti forstöðunefndar Íslendingadagsins í Winnipeg, 1914.

Háttvirtu herra:

Virðulegt boð hinnar háttvirtu forstöðunefndar til mín. dags. 10. f. m., um að koma vestur um haf á komandi sumri sem gestur yðar Vestur-Íslendinga á þjóðhátíð yðar 2. ágúst næstkomandi, hefi ég móttekið með síðasta póstskepi hingað, og þegar sent svolatandi símasvar:

"Íslendingadagurinn, Winnipeg"

"Alúðarfylstu þakkið fyrir boðið, en ómögulegt"
"að komast vegna alþingis í júlí og ágúst. Beztu"
"kveðjur. Hafsteinn."

Um leið og ég staðfesti símskeyti þetta, vil ég leyfa mér að endurtaka virðingarfyllt þakklæti mitt fyrir sama þann og velvilð, er þér hafi sýnt mér með boði yðar, sem mér mundi hafa verið heiður og ánægja að þygja. En því miður er mér það ómögulegt, því að alþingi er stefnt saman til aukafundar vegna stjórnskrárbreytingarinnar, 1. júlí næstkomandi og verður þinginu naumast slitið fyrir en um 10. ágúst í fyrstalagi. Þar verð ég að vera, þó að hitt væri óneitanlega skemtilegra. Að alþingi loknu verð ég að fara á konungsfund með lögin frá alþingi og í ýmsum öðrum erindum, og verður því naumast lokið fyrir en í september eða októbermánuði. Eftir það byrjar undirbúningur stjórnarfrumvarpanna, sem leggjast eiga fyrir reglulega þingið 1915, er standa mun frá 1. júlí til miðs september mánaðar, og er því bersýnilegt, að ég mundi heldur ekki næsta ár geta komast vestur um haf, ef ég held áfram þeirri stöðu, sem ég nú er í. En úr því skera væntanlega kosningarnar á morgun, að minsta kosti að nokkru leyti.

Ég bið yður bera samnefndarmönnum yðar beztu þakkarkveðju mína, að "brúin yfir hafíð," er hefur styrkt svo mjög við drengilega hlutöku Vestur-Íslendinga í eimskipafélagsstofnuninni hér heima, megi halda áfram að eflast og styrkjast sem best.

Virðingarfyllst,

H. HAFSTEIN.

Er því útséð um að ráðherra geti orðið við tilnefnum nefndarinnar að koma hingað vestur nú fyrst um sinn. En vonandi settu þó Íslendingar að mega eiga von á því einhverfn tíma seinna.

Hugsanlegt er að vetrar mánuðurnir væri honum hentugri til ferðalaga, að hann væri þá ekki eins önnum taffinn og að sumrinu, meðan þing stendur yfir og ýmslegar embættisgjörðir er að framkvæma.

Útan frá Lundar komu á fimtugdaginn var Jón Sigursson, frá Mary Hill, Magnús leknir Hjalta-son, Guðm. Sigurðsson og Jens Magnússon, frá Lundar, og Geirfinnur Pétursson, frá Siglunesi. — Þeir stóðu að eins lítið áð hér í bænum og heldu heimleiðis daginn eftir.

Lesendur Hkr. eru minstir á samkomu þá, sem hr. Þorst. Johnston fjólkennari heldur með nemendum sínum þann 30. þ. m. Mr. Shinn, enskur söngkennari, kemur þar fram með 30. manna söngflokk og skemtir með nokkrum söngvum.

Nýsköð hefur Hkr. verið sent eitt eintak af Minningarblöðum um Jón Sigurðsson forseta. Blöðin eru gefin út í Reykjavík af hr. H. Árnasyni. Er mynd af Jóni elst á blaðinu, og meðanundir prentuð minningarljóð skáldanna Matth. Jochumssonar, Steg. Thorsteins-sonar, Ben. Gröndals, Jóns Ólafssonar ósfr. um Jón forseta. Lag-leza er frá þessu Minningarblaði gengið, og ekki óhugsandi, að margir hefði gaman af að eignast blaðinu, Er það til sölu hjá bóksala H. S. Bardal.

Ungmennafélagsfundur verður haldinn í samkomusal Úntara fimtugdagskvöldið í þessari viku. — Allir meðlimir eru beðnir að mæta.

Prentvillu í "Klþbeinslagi" er út komi í Hkr. 11. og 16. apríl.

11. apríl—"Hjá höfðingja þessa heims", ríman, 4 öðru erindi, fyrstu hending: skrókferð, les: Skrók ferðu. — 1. átjándi erindi, fjórðu hending: snalla, les: snjalla.

16. apríl—"A Kolbeinsstöðum", ríman, 27. erindi, fyrstu hending: Komumann, les: Komumannas. — 1. "Leiði í landauð", ríman, fyrsta erindi, þriðju hending: eyðiból, les: eyðiból.

Í blaðinu Edinburg Tribune er þess getið, að W. H. Otten í Cava-lier hafi verið skipaður skrifari forstöðunefndar Repúblikana í Bathgate í forstöðunefnd ríkissambandsins. Bæði þessi embætti skipaði Daniel I. Laxdal áður. — Þess er líka getið í sama blaði, að ungur lögfræðingur frá Grand Forks, Harold Thompson að nafni, hafi keypt bókasafn og skrifstofu-áhóld Daniels heitins. Hefir hann í huga, að setja á fót þar lögmanns skrifstofu í framtíðinni. —

Smámsaman eru réttir ljaðrir af oss Íslendingum í Dakota.

Næsti Menningafélags fundur og sá síðasti á vorinu verður haldinn á fimtugdagskvöldi þann 7. maí næstkomandi. Þetta er kosningafundur og því nauðsynlegt, að allir félagsmenn mæti. Á fundi þessum flytur Dr. Sig. Júl. Jóhannesson erindi. Umræðuféni hans er "Mansal". Á fundinn eru allir jafnt velkomnir, bæði utanfélagsmenn sem aðrir.

C.O.F. stúkan Vinland heldur næsta mánaðarfund sinn á þriðjukvöldið kemur í neðri sal Good-templarabúðsins.

Samkoman, sem haldin var í Skjaldborg á sumardaginn fyrsta, var mjög vel sótt og fór ágætlega fram. Það mátti með sannsegja, að hver liður skemtisrárinnar væri öðrum betri. Í sumar-gjöf frá kvenfélaginu hlaut söfnuð-urinn vandað piano.

Laugardagskvöldið var helt hr. Skuli Hansson fasteignasali meðlimum íslensku "Hockey" klúbbsins Fálkinna kveldveizlu á St. Regis hótelinu hér í bænum. Auk félagsmanna Fálkans voru ýmsir málsmetandi Íslendingar hér í bænum að boðinu. Eftir borðhaldið voru ræður fluttar, er flestar gengu út á, að hvetja Íslendinga til að sinna meir íþróttum og leiki um en verið hefur. Nefnd var skipuð til þess að huga, á hvern hátt mætti efla íþróttalið meðal Íslendinga, og heldt þar íþéttir, er ungt fólk, karlar og konur, gætu tekið þátt í.

Nýkominn er úr-ferð suður um Minnesota hr. Christján Vopnfjörð málari hér í bænum. Ferðast hann um íslensku byggðina þar og enn fremur til þarjanna Minneapolis og St. Paul. Mest sagði hann að nú væri talað um pólitik þar syðra. Fara undirbúningskosningar þar fram, innan skamms, og eru þær sóttar af miklu kappi. Hefir Progressive-Republican flokkurinn tilnefnt ríkisstjóræni, og styður landi vor Gunnar Björnsson, ritstjóri blaðsins "Minnesota Mascot", hann af allei. Gunnar er forseti blaðamannafélags Minnesota ríkis, og formaður forstöðunefndar Progressive flokksins í Minnesota. Er hann talinn einn með allra áhrifamestu mönnum þar í ríkinu. Gott! Gleðilegar fréttir, hvar sem Íslendingurinn stndur framarlega í fylkingu.

Eldsábyrgðir - - - Fasteignir

Vartryggt byggingar yðar og húsmuni svo þér verð-ið ekki fyrir skaða. Gjörð fyrirspurnir hjá

H. J. Eggertson 204 McINTYRE Bld.
Phone Main 3364

Hann selur fasteignir, vartryggir og lánar peninga

Rafmagns—ljóshjálmar

Niðursett verð

Sérlega lagur ljós hjálmar með þremur lömpum, mjög hent-ugur fyrir setustofu; verð að eins..... \$5.95
Ljóshjálmar þessir eru til sýn- is í búð

BJÖRNIS PÉTURSSONAR
horni Simcoe og Wellington St.
hjá honum má skilja eftir pantanir. Þetta tilboð stend-ur aðeins fáa daga, hraðið því þóntunum. Þengingar verða að fylgja öllum þóntunum.

Álskonar ljósvirðislagning fljótt af hendi leyst.
50c. aukagjald fyrir að setja inn ljóshjálma þar sem virar liggja innan pípum.

M. A. McIntyre

Phone S 3045, 612 Alverstone St

Kaupið beint frá verksmiðjunni, fyrir lægsta verð mót peninga borgun. Komið og talið við

Farfa Shingle Stains & Specialties
LIMITED
Bairnmen Farfaelstlar, Carbon Oil Works Ltd.

Sími: Garry 940 66 King St., Winnipeg